

**139. löggjafarþing 2010–2011.**  
**Þskj. 564 — 154. mál.**

## Svar

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um fækkun starfa.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvað hefur störfum fækkað mikið hér á landi árin 2008 og 2009 og það sem af er þessu ári?*

Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands fór fjöldi þeirra sem starfa á innlendum vinnumarkaði mest í 183.800 einstaklinga á þriðja ársfjórðungi 2008 en hefur minnkað síðan. Þannig voru 171.500 einstaklingar starfandi á innlendum vinnumarkaði á þriðja ársfjórðungi 2009 og 170.200 á þriðja ársfjórðungi 2010. Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands hefur virkum þátttakendum á vinnumarkaði því fækkað um 13.600 manns frá því sem mest var á þriðja ársfjórðungi 2008 til þriðja ársfjórðungs 2010.

Fjöldi starfandi einstaklinga á innlendum vinnumarkaði á árunum 2008, 2009 og það sem af er þessu ári samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands má sjá í eftirfarandi töflu sem og á eftirfarandi mynd:

**Fjöldi starfandi eftir ársfjórðungum 2008–2010.**

Ár	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.
2008	174.000	181.500	183.800	175.000
2009	165.500	167.500	171.500	166.500
2010	163.900	169.500	170.200	

